

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2016/523****2021/EES/55/14****frá 10. mars 2016****um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar form og sniðmát fyrir tilkynningu og opinbera birtingu að því er varðar viðskipti stjórnenda í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 frá 16. apríl 2014 um markaðssvik (reglugerð um markaðssvik) og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2003/124/EB, 2003/125/EB og 2004/72/EB <sup>(1)</sup>, einkum þriðju undirgrein 15. mgr. 19. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Til að stuðla að skilvirkni ferlisins við tilkynningu á viðskiptum stjórnenda og til að veita almenningi sambærilegar upplýsingar þykir rétt að mæla fyrir um samræmdar reglur um það með hvaða hætti skal tilkynna um og birta upplýsingarnar, sem óskað er eftir, á einu sniðmáti.
- 2) Sniðmátið ætti að innihalda upplýsingar um öll viðskipti sem einstaklingar sem gegna stjórnunarstörfum og einstaklingar sem eru þeim nákomnir framkvæma á tilteknum degi. Til að veita almenningi heildarsýn ætti sniðmátið að gera það kleift að setja viðskiptin fram hver fyrir sig og einnig í samanteknu formi. Samanteknu upplýsingarnar ættu að gefa til kynna magn allra viðskipta af sama toga með sama fjármálagerning sem framkvæmd hafa verið sama viðskiptadaginn og á sama viðskiptavettvangi, eða utan viðskiptavettvangs, sem eina tölu sem sýnir reiknaða samtölu magns hverra viðskipta. Þær ættu einnig að tilgreina samsvarandi magnvegið meðalverð. Þegar viðskipti af mismunandi toga, s.s. kaup og sala, eru færð í sniðmátið ætti hvorki að leggja þau saman né jafna þau innbyrðis.
- 3) Til að einfalda ferlið við breytingu á rangri tilkynningu sem þegar hefur verið send ætti sniðmátið að innihalda reit sem skal nota við breytingu á tilkynningu til að tilgreina upphaflegu tilkynninguna og útskýra ónákvæmminna í henni.
- 4) Þessi reglugerð byggist á drögum að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 5) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álitni hagsmunahóps á verðbréfamarkaði sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 <sup>(2)</sup>.
- 6) Til að tryggja snurðulausa starfsemi fjármálamarkaða er nauðsynlegt að þessi reglugerð öðlist gildi eins fljótt og auðið er og að ákvæðin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð gildi frá sama degi og ákvæðin sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 596/2014.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 88, 5.4.2016, bls. 19. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 306/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 14, 5.3.2020, bls. 61.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjttíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

### Skilgreiningar

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaks sem hér segir: „rafrænar aðferðir“: notkun rafræns búnaðar til vinnslu (þ.m.t. stafrænnar samþjöppunar), geymslu og sendingar á gögnum með rafræði, þráðlaust, með ljóstæknilegum aðferðum eða öðrum rafsegulaðferðum.

2. gr.

### Form og sniðmát tilkynningar

1. Einstaklingar sem gegna stjórnunarstörfum og einstaklingar sem eru þeim nákomnir skulu tryggja að sniðmátið fyrir tilkynningar sem sett er fram í viðaukanum sé notað til framlagningar tilkynninga um þau viðskipti sem um getur í 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014.
2. Einstaklingar sem gegna stjórnunarstörfum og einstaklingar sem eru þeim nákomnir skulu tryggja að rafrænar aðferðir séu notaðar til að senda þær tilkynningar sem um getur í 1. mgr. Þessar rafrænu aðferðir skulu tryggja að heildstæðni, heilleiki og trúnaður upplýsinganna viðhaldist meðan á sendingu þeirra stendur og veita vissu um uppruna upplýsinganna sem sendar eru.
3. Lögbær yfirvöld skulu tilgreina og birta á vefsetri sínu þær rafrænu aðferðir sem um getur í 2. mgr. að því er varðar sendingu til þeirra.

3. gr.

### Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 3. júlí 2016.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. mars 2016.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

\_\_\_\_\_

## VIÐAUKI

**Sniðmát fyrir tilkynningu og opinbera birtingu viðskipta einstaklinga sem gegna stjórnunarstörfum og einstaklinga sem eru þeim nákomnir**

<b>1</b>	<b>Upplýsingar um einstaklinginn sem gegnir stjórnunarstörfum/einstaklinginn sem er honum nákominn</b>	
a)	Nafn	<i>[Fyrir einstaklinga: eiginnafn og kenninafn (nöfn).] [Fyrir lögaðila: fullt nafn, þ.m.t. félagsform eins og það er skráð í fyrirtækjaskrá, ef við á.]</i>
<b>2</b>	<b>Ástæða tilkynningar</b>	
a)	Staða/titill	<i>[Fyrir einstaklinga sem gegna stjórnunarstörfum: tilgreina ætti stöðu þeirra hjá útgefanda, þátttakanda á markaði með losunarheimildir/uppboðsvettvangi/uppboðshaldara/uppboðsvaktara, t.d. forstjóri, fjármálastjóri.] [Fyrir nátengda einstaklinga, — Upplýsingar um að tilkynningin varði einstakling sem er nákominn einstaklingi sem gegnir stjórnunarstörfum, — Nafn og staða viðkomandi einstaklings sem gegnir stjórnunarstörfum.]</i>
b)	Upphafleg tilkynning/ breyting	<i>[Upplýsingar um hvort um sé að ræða upphaflega tilkynningu eða breytingu á fyrri tilkynningum. Sé um að ræða breytingu skal útskýra villuna sem þessari tilkynningu er ætlað að laga.]</i>
<b>3</b>	<b>Upplýsingar um útgefanda, þátttakanda á markaði með losunarheimildir, uppboðsvettvang, uppboðshaldara eða uppboðsvaktara</b>	
a)	Nafn	<i>[Fullt nafn aðilans.]</i>
b)	Auðkenni lögaðila (LEI)	<i>[Auðkenni lögaðila í samræmi við ISO 17442 LEI-kóða.]</i>
<b>4</b>	<b>Upplýsingar um viðskiptin: liðinn skal endurtaka fyrir i) hverja tegund gernings, ii) hverja tegund viðskipta, iii) hverja dagsetningu og iv) hvern stað þar sem viðskiptin hafa farið fram</b>	
a)	Lýsing á fjármálagerningnum, tegund gernings Auðkenniskóði	<i>[—Upplýsingar um eðli gerningsins: — hlutabréf, skuldageringur, afleiða eða fjármálagerningur sem tengist hlutabréfi eða skuldagerningi, — losunarheimild, uppboðsafurð sem byggir á losunarheimild eða afleiða sem tengist losunarheimild. — Auðkenniskóði gernings eins og hann er skilgreindur í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um tilkynningar um viðskipti til lögberra yfirvalda, sem samþykktir hafa verið skv. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014.]</i>
b)	Eðli viðskiptanna	<i>[Lýsing á tegund viðskipta með því að nota, eftir atvikum, þá tegund viðskipta sem tilgreind er í 10. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/522 (1), sem samþykkt er skv. 14. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014, eða tiltekið dæmi sem sett er fram í 7. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014. Samkvæmt e-lið 6. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 skal tilgreina hvort viðskiptin tengjast nýtingu kaupréttar á hlutabréfum.]</i>

c)	Verð og magn	<table border="1" data-bbox="552 226 1412 331"> <thead> <tr> <th data-bbox="552 226 986 277">Verð</th> <th data-bbox="986 226 1412 277">Magn</th> </tr> </thead> <tbody> <tr> <td data-bbox="552 277 986 331"></td> <td data-bbox="986 277 1412 331"></td> </tr> </tbody> </table> <p data-bbox="552 344 1412 472"><i>[Ef fleiri en ein viðskipti sama eðlis (kaup, sala, lánveiting, lántaka, ...) með sama fjármálagerning eða sömu losunarheimild eru framkvæmd sama dag og á sama stað viðskipta skal greina frá verði og magni þeirra viðskipta í þessum reit, á tveggja dálka formi eins og sett er fram hér að ofan, og bæta við eins mörgum línnum og þörf er á.</i></p> <p data-bbox="552 488 1412 651"><i>Notast er við gagnastaðlana fyrir verð og magn, þ.m.t. eftir atvikum gjaldmiðil verðs og gjaldmiðil magns, eins og þeir eru skilgreindir í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um tilkynningar um viðskipti til lögbærra yfirvalda, sem samþykktir hafa verið skv. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014.]</i></p>	Verð	Magn		
Verð	Magn					
d)	Samanteknar upplýsingar — Samanlagt magn — Verð	<p data-bbox="552 678 1412 712"><i>[Magn fleiri en einna viðskipta er tekið saman ef þau viðskipti:</i></p> <ul data-bbox="552 719 1412 869" style="list-style-type: none"> <li><i>— tengjast sama fjármálagerningnum eða sömu losunarheimildinni,</i></li> <li><i>— eru sama eðlis,</i></li> <li><i>— eru framkvæmd á sama degi og</i></li> <li><i>— eru framkvæmd á sama stað.</i></li> </ul> <p data-bbox="552 882 1412 1032"><i>Notast er við gagnastaðalinn fyrir magn, þ.m.t. eftir atvikum gjaldmiðil magns, eins og hann er skilgreindur í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um tilkynningar um viðskipti til lögbærra yfirvalda, sem samþykktir hafa verið skv. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014.]</i></p> <p data-bbox="552 1048 1412 1081"><i>[Verðupplýsingar:</i></p> <ul data-bbox="552 1088 1412 1193" style="list-style-type: none"> <li><i>— Sé um að ræða ein viðskipti, verð þeirra einu viðskipta,</i></li> <li><i>— Sé um að ræða samanlagt magn fleiri en einna viðskipta: vegið meðalverð samanlagðra viðskipta.</i></li> </ul> <p data-bbox="552 1200 1412 1350"><i>Notast er við gagnastaðalinn fyrir verð, þ.m.t., eftir atvikum, gjaldmiðil verðs, eins og hann er skilgreindur í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um tilkynningar um viðskipti til lögbærra yfirvalda, sem samþykktir hafa verið skv. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014.]</i></p>				
e)	Viðskiptadagur	<p data-bbox="552 1388 1412 1422"><i>[Dagsetning þess tiltekna dags þegar tilkynntu viðskiptin voru framkvæmd.</i></p> <p data-bbox="552 1429 1412 1462"><i>Nota skal ISO 8601 dagsetningarsniðið: ÁÁÁÁ-MM-DD, samræmdur heimstími.]</i></p>				
f)	Staður viðskiptanna	<p data-bbox="552 1480 1412 1675"><i>[Nafn og kóði til að tilgreina MiFID-viðskiptavettvanginn, innmiðlarann eða skipulega viðskiptavettvanginn utan Sambandsins þar sem viðskiptin voru framkvæmd eins og það er skilgreint í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um tilkynningar um viðskipti til lögbærra yfirvalda, sem samþykktir hafa verið skv. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014.], eða</i></p> <p data-bbox="552 1682 1412 1742"><i>notið orðalagið „utan viðskiptavettvangs“ ef viðskiptin voru ekki framkvæmd á neinum framangreindra vettvanga.]</i></p>				

(1) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/522 frá 17. desember 2015 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 að því er varðar undanþágu fyrir tiltekna opinbera aðila og seðlabanka þriðju landa, vísbendingar um markaðsmisnotkun, viðmiðunarmörk varðandi birtingu upplýsinga, lögbæra yfirvaldið að því er varðar tilkynningar um frestanir, heimild til viðskipta á lokuðum tímabilum og tegundir tilkynningarskyldra viðskipta stjórnenda (Stjútíð. ESB L 88, 5.4.2016, bls. 1).